

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-ágúst 2010

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu átta mánuði ársins 2010 liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 65,2 ma.kr. en var neikvætt um 78,7 ma.kr. á sama tímabili 2009. Tekjur reyndust 25,8 ma.kr. meiri en í fyrra á meðan gjöldin jukust um 7,6 ma.kr. milli ára. Þetta er mun betri niðurstaða en gert var ráð fyrir í áætlunum þar sem gert var ráð fyrir að handbært fé frá rekstri yrði neikvætt um 90,1 ma.kr.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-ágúst 2006-2010

	Í milljónum króna				
	2006	2007	2008	2009	2010
Innheimtar tekjur	246 109	286 074	294 326	276 404	302 253
Greidd gjöld	209 728	239 188	281 885	346 684	354 290
Tekjujöfnuður	36 381	46 886	12 441	-70 280	-52 036
Söluhagn. af hlutabr. og eignahl.	-	1 505	-	-	-
Breyting rekstrartengda eigna og skulda	- 823	-3 046	4 191	-8 420	-13 184
Handbært fé frá rekstri	35 558	45 346	16 633	-78 700	-65 220
Fjármunahreyfingar	-2 339	-67 758	8 538	11 983	-31 941
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	33 219	-22 412	25 171	-66 717	-97 161
Afborganir lána	-32 592	-36 443	-38 129	-72 740	-136 258
Innanlands	-9 719	-22 243	-22 662	-72 740	-72 782
Erlendis	-22 873	-14 199	-15 467	-	-63 476
Greiðslur til LSR og LH	-2 640	-2 640	-2 640	-	-
Lánsfjárfjöfnuður, brúttó	-2 013	-61 496	-15 598	-139 457	-233 419
Lántökur	25 247	57 515	147 531	169 889	267 934
Innanlands	17 673	54 181	85 647	162 540	137 085
Erlendis	7 574	3 334	61 884	7 348	130 849
Breyting á handbæru fé	23 234	-3 981	131 933	30 432	34 515

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 302,3 ma.kr. á fyrstu átta mánuðum ársins sem er 25,5 ma.kr. aukning frá sama tíma í fyrra og 13,3 ma.kr. meiri tekjur en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir. Frávikið stafar að mestu af hagnaði sem ekki var reiknað með í fjárlögum, vegna samkomulags sem gert var sl. vor um kaup á íslenskum skuldabréfum af Seðlabankanum í Lúxemborg (sjá nánari umfjöllun í Greiðsluafkomu ríkissjóðs janúar-júní). Skatttekjur og tryggingagjöld námu 262,7 ma.kr. á fyrstu átta mánuðum ársins, sem er 7,7% aukning að nafnvirði á milli ára en 1,6% undir tekjuáætlun fjárlaga.

Tekjuskattur einstaklinga skilaði ríkissjóði alls 57,9 ma.kr. frá janúar til ágúst sem er aukning um 8,7% frá sama tíma í fyrra en 7,4% undir tekjuáætlun fjárlaga. Fyrirframgreiðsla á tekjuskatti lögaðila nam 8,1 ma.kr. sem er samdráttur upp á 23,4% frá fyrra ári en 2% undir áætlun. Þá nam fjármagnstekjuskattur 24,6 ma.kr. á fyrstu átta

mánuðum ársins en áætlunin gerði ráð fyrir 26,7 ma.kr. Stór hluti fjármagnstekjuskatts af fjármagnstekjum 2. ársfjórðungs sem var á gjalddaga í júlí skilaði sér á eindaga í ágúst. Innheimtutölur um hann eru ekki sambærilegar við fyrra ár þar sem ársfjórðungsskilin voru tekin upp á miðju sl. ári og skatthlutfallinu hefur einnig verið breytt. Innheimta eignarskatta var 3,4 ma.kr. og jókst um 6,6% frá fyrra ári. Þar af námu stimpilgjöld 1,7 ma.kr. og auðlegðarskattur 607 m.kr. en 1,25% auðlegðarskattur var nú lagður á í fyrsta sinn og miðast við hreina eign einstaklinga umfram 90 m.kr. og 120 m.kr. hjá hjónum. Álagning hans var birt í lok júlí og nam 3,8 ma.kr. fyrir árið í heild.

Tekjur ríkissjóðs janúar-ágúst 2008-2010

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2008	2009	2010	2008	2009	2010
Skatttekjur og tryggingagjöld	267.640	243.965	262.687	3,4	-8,8	7,7
Skattar á tekjur og hagnað	102.909	101.884	90.610	10,0	-1,0	-11,1
Tekjuskattur einstaklinga	57.129	53.307	57.944	6,2	-6,7	8,7
Tekjuskattur lögaðila	17.636	10.584	8.107	6,7	-40,0	-23,4
Skattur á fjármagnstekjur	28.144	37.992	24.559	21,1	35,0	-35,4
Eignarskattar	5.526	3.147	3.354	-24,7	-43,0	6,6
Skattar á vöru og þjónustu	124.872	106.376	120.581	-1,2	-14,8	13,4
Virðisaukaskattur	87.108	72.579	80.256	-1,6	-16,7	10,6
Vörugjöld af ökutækjum	6.352	1.355	1.056	-9,1	-78,7	-22,0
Vörugjöld af bensíni	5.921	6.943	7.733	-3,0	17,3	11,4
Skattar á olíu	4.929	4.561	4.564	2,1	-7,5	0,1
Áfengisgjald og tóbaksgjald	8.002	9.133	9.902	1,8	14,1	8,4
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	12.558	11.805	17.070	3,6	-6,0	44,6
Tollar og aðflutningsgjöld	3.978	3.087	3.806	16,8	-22,4	23,3
Aðrir skattar	2.877	3.980	4.609	24,8	38,3	15,8
Tryggingagjöld	27.479	25.491	39.728	6,0	-7,2	55,9
Fjárframlög	207	359	430	-70,5	73,5	19,6
Aðrar tekjur	24.196	31.988	19.692	23,6	32,2	-38,4
Sala eigna	2.283	440	19.450	-	-	-
Tekjur alls	294.326	276.752	302.259	2,9	-6,0	9,2

Frá ársbyrjun hafa veltuskattar skilað ríkissjóði 120,6 ma.kr. sem er 13,4% nafnaukning frá sama tíma árið 2009 og 3,7% aukning að raunvirði. Þegar horft er á 4 mánaða meðaltal er raunaukningin ekki jafn mikil og verið hefur undanfarna mánuði eða 5,2% (sjá mynd) sem stafar m.a. af því að töluvert miklar tekjur innheimtust í ágústmánuði í fyrra. Þess ber þó að gæta að hér er um að ræða aukningu innheimtunnar en ekki mælingu á undirliggjandi skattstofni.

**Raunbreyting skatta á vöru og þjónustu milli ára,
m.v. 4 mánaða hlaupandi meðaltal**



Áréttað skal að myndin sýnir ekki þróun undirliggjandi skattstofna heldur tekjur ríkissjóðs á hverjum tíma (umfram almenna verðlagshækkun). Skattahækkanir hafa því áhrif á þann feril sem myndin sýnir.

Virðisaukaskattur er stærsti hluti veltuskattanna og skilaði hann ríkissjóði 80,3 ma.kr. á fyrstu átta mánuðum ársins sem er 10,6% aukning að nafnvirði á milli ára og 3,2% yfir tekjuáætlun fjárlaga. Virðisaukaskattur í ágúst mánuði einum nam 10,6 ma.kr. en hann kemur að mestu af sölu vöru og þjónustu í mánuðunum maí og júní. Aðrir veltuskattar, sem eru einkum ýmis vörugjöld, námu 40,3 ma.kr. frá janúar til ágúst og jukust um 19,3% frá sama tíma 2009. Þar af jukust vörugjöld af bensíni um 11,4% og vörugjöld af olíu um 6,4%. Þessir liðir voru annars vegar 1,7% og hins vegar 1,5% undir tekjuáætlun fjárlaga. Tekjur af áfengisgjaldi jukust um 8,4% frá sama tíma í fyrra og tekjur af tóbaksgjaldi um 8,5% en skattstofnar þessara tekjupósta hafa dregist töluvert saman frá fyrra ári. Tekjur af áfengisgjaldi voru 2,4% minni en gert hafði verið ráð fyrir í tekjuáætlun fyrir fyrstu átta mánuði ársins og af tóbaksgjaldi 1,9% minni. Aðeins tveir liðir veltutengdra skatta hafa skilað ríkissjóði minni tekjum í krónum talið í ár en í fyrra. Annars vegar er 27,9% samdráttur tekna af kílómetragjaldi og hins vegar 22% samdráttur vörugjalda af ökutækjum. Kílómetragjaldið var lækkað um 20% í lok maí árið 2009 sem skýrir samdráttinn að miklu leyti. Þá er gengi íslensku krónunnar sterkara fyrstu átta mánuði ársins en á sama tíma árið 2009 og reiknast því vörugjöld af ökutækjum á lægri stofn í ár þrátt fyrir töluverða aukningu í nýskráningum bíla á sama tíma.

Tekjur af tryggingagjaldi voru 14,2 ma.kr. meiri en í fyrra og jukust um tæplega 56%. Skýring þessarar miklu aukningar er sú að hluti atvinnuþryggingagjaldsins í tryggingagjaldinu var hækkaður á miðju ári 2009 úr 0,65% í 2,21% og aftur í byrjun árs 2010, upp í 3,81%, auk þess sem ábyrgðargjald launa var hækkað úr 0,10% í 0,25% í tveimur skrefum. Skil tryggingagjalds í ágúst eru að mestu vegna launa júlímánaðar. Innheimta tryggingagjaldsins í ágúst í fyrra var minni en vænta mátti miðað við hækkun

gjaldsins 1. júlí, en eftir lauslega leiðréttingu fyrir því má áætla að skattstofninn á fyrstu sjö mánuðum ársins sé mjög svipaður og í fyrra.

Tekjur af tollum og aðflutningsgjöldum námu 3,8 ma.kr. frá janúar til ágúst sem er aukning um 23,3% frá árinu 2009. Aukningin skýrist að hluta til af því að hluti tekna ársins 2009 innheimtist í ár vegna greiðslufrestunarheimilda sem giltu þar til í júní sl. Frá júlímánuði hafa tollar og aðflutningsgjöld verið innheimt í einu lagi eins og áður. Aðrar tekjur ríkissjóðs (aðrar en skatttekjur, fjárframlög og eignasala) námu 19,7 ma.kr. Hér er einkum um að ræða vaxtatekjur og tekjur af sölu vöru og þjónustu. Tekjur af sölu eigna á fyrstu átta mánuðum ársins námu 19,5 ma.kr. sem er 19,1 ma.kr. umfram tekjuáætlun, enda var í henni ekki gert ráð fyrir hagnaði ríkissjóðs af áðurnefndu samkomulagi um kaup á íslenskum skuldabréfum af Seðlabankanum í Lúxemborg og sölu sendiherrabústaðar sem bókfærð var í júní sl. (sjá nánari umfjöllun í Greiðsluafkomu ríkissjóðs janúar-júní).

Greidd gjöld námu 354,3 ma.kr. og jukust um 7,6 ma.kr. frá fyrra ári, eða 2,2%. Útgjöldin voru hins vegar verulega undir fjárheimildum tímabilsins eða 6,5%. Útgjöld til málaflokka breytast mismikið milli ára sem skýrist meðal annars af eðli málaflokkanna en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er hér að neðan. Ef áhrif aukningar vaxtagjalda ríkissjóðs á milli ára eru undanskilin dragast greidd gjöld ríkissjóðs saman milli ára um 10,2 ma.kr. Útgjöld allra málaflokka eru innan áætlana eftir 8 mánuði og því stefna útgjöldin að því að verða innan heimilda ársins 2010.

Vaxtagjöld ríkissjóðs jukust um 17,8 ma.kr. milli ára sem er mesta breyting á einstökum fjárlagalið. Vaxtagjöldin voru hins vegar lægri en áætlanir ársins gerðu ráð fyrir. Útgjöld til menntamála jukust um 2,3 ma.kr. á milli ára en voru 764 m.kr. innan áætlana. Mest jukust útgjöld til Lánasjóðs íslenskra námsmanna um 2,5 ma.kr. Þá jukust útgjöld til Háskóla Íslands um 791 m.kr. milli ára en útgjöld til framhaldsskóla drógust saman um 658 m.kr. Óregluleg útgjöld jukust um 1 ma.kr. milli ára og voru jafnframt 2 ma.kr. umfram áætlanir. Þessi umframútgjöld skýrast að stærstu leyti með útgjöldum vegna ríkisábyrgða en ríkissjóður hefur þurft að inna af hendi greiðslur vegna ábyrgða og lána tengdra fjármálakerfinu. Þá fellur greiddur fjármagnstekjuskattur ríkissjóðs undir óregluleg útgjöld og dróst hann saman milli ára um 455 m.kr. Útgjöld til umhverfisverndar jukust um 161 m.kr. milli ára en voru þrátt fyrir það 857 m.kr. undir áætlunum. Bygging þjónustumiðstöðvar í Vatnajökulspjóðgarði skýrir þessa aukningu milli ára að mestu leyti. Útgjöld til húsnæðis-, skipulags- og veitumála jukust um 8 m.kr. milli ára og voru nokkurn veginn í takt við áætlanir.

Útgjöld til efnahags- og atvinnumála drógust mest saman milli ára eða um 4,4 ma.kr. Jafnframt voru útgjöld til þess málaflokks 6,4 ma.kr. undir áætlunum. Þarna munar mest um nokkra stofnkostnaðarliði svo sem útgjöld til framkvæmda Vegagerðarinnar sem drógust saman um 2,8 ma.kr. á milli ára. Einnig má nefna flugvelli og flugleiðsögupjónustu þar sem útgjöld drógust saman um 1,3 ma.kr., Fjarskiptasjóð 428 m.kr. og Hafnabótasjóð 412 m.kr. Framlög til þessara liða voru lækkuð nokkuð milli ára en einnig hafa ákveðnar framkvæmdir færst til innan ársins. Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála drógust saman um 3,3 ma.kr. milli ára og voru jafnframt 2,2 ma.kr. innan áætlana. Þarna munar langmest um

fjárfestingar Landhelgisjóðs en á árinu 2009 voru mikil útgjöld vegna kaupa á flugvél fyrir Landhelgisgæsluna og nýju varðskipi. Þá hefur afhending nýs varðskips tafist vegna skemmda sem urðu á skipasmíðastöðinni vegna jarðskjálfta í Chile. Útgjöld til heilbrigðismála drógust saman um 2 ma.kr. milli ára en voru í takt við það sem gert var ráð fyrir. Útgjöld til Landspítala drógust saman um 1,6 ma.kr. milli ára sem er í takt við þá hagræðingarkröfu sem gerð var, en stofnunin hefur verið rekin innan fjárheimilda á árinu 2010 sem er breyting til batnaðar frá undanförunum árum. Þá voru útgjöld vegna sjúkratrygginga rúmum 500 m.kr. lægri en 2009 en voru þrátt fyrir það vel yfir áætlunum ársins. Útgjöld til menningar-, íþrótt- og trúmála drógust saman um 1,8 ma.kr. milli ára og voru jafnframt 898 m.kr. innan heimilda. Útgjöld stofnana málaflokksins drógust saman um 559 m.kr. og útgjöld til viðhalds og stofnkostnaðar menningarstofnana um 362 m.kr. Þá drógust framlög á ýmsum safnliðum saman um 425 m.kr. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála drógust saman um 1,8 ma.kr. milli ára og voru 6,8 ma.kr. undir áætlunum. Útgjöld lífeyristrygginga drógust saman um 1,5 ma.kr. milli ára en á móti voru útgjöld vegna vaxtabóta 1,3 ma.kr. hærri. Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð voru 634 m.kr. lægri en á árinu 2009 og útgjöld vegna fæðingarorlofs 599 m.kr. lægri. Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu drógust saman um 225 m.kr. á milli ára en þar af jukust útgjöld vegna jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um 1,3 ma.kr. sem er í samræmi við áætlanir en þróunarmál og alþjóðasamskipti drógust saman um 1 ma.kr. Þá drógust aðflutningsgjöld af útflutningi notaðra ökutækja saman um 311 m.kr. og útgjöld vegna fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll um 500 m.kr. Útgjöld til varnarmála drógust saman um 147 m.kr. milli ára og eru 238 m.kr. undir áætlunum. Þetta skýrist að mestu af því að útgjöld Varnarmálastofnunar drógust saman um 234 m.kr. milli ára.

Gjöld ríkissjóðs janúar-ágúst 2008-2010

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2008	2009	2010	2009	2010
Vaxtagreiðslur	12 318	34 495	52 250	180,0	51,5
Almenn opinber þjónusta	26 820	30 545	29 142	13,9	-4,6
Varnarmál	754	1 071	923	42,0	-13,8
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	13 135	15 128	11 779	15,2	-22,1
Efnahags- og atvinnumál	40 074	42 735	38 342	6,6	-10,3
Umhverfisvernd	2 935	2 860	3 021	-2,6	5,6
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	357	422	430	18,2	1,9
Heilbrigðismál	68 188	75 711	73 726	11,0	-2,6
Menningar- íþrótt- og trúmál	11 381	12 628	10 841	11,0	-14,2
Menntamál	28 965	31 892	34 156	10,1	7,1
Almannatryggingar og velferðarmál	71 156	91 188	89 438	28,2	-1,9
Óregluleg útgjöld	5 801	8 009	10 242	38,1	27,9
Gjöld alls	281 885	346 684	354 290	23,0	2,2

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs. Hreinn lánsfjárfjöfnuður var neikvæður um 97,2 ma.kr. þar sem handbært fé frá rekstri var neikvætt um 65,2 ma.kr. og fjármunahreyfingar neikvæðar

um 31,9 ma.kr. Er það 30,4 ma.kr. verri staða en á sama tíma í fyrra. Stærstu hreyfingar undir fjámagnsjöfnuði eru annars vegar 74,6 ma.kr. kaup ríkissjóðs á skuldabréfum Avens B.V. í Lúxemborg og hins vegar 56,9 ma.kr. lækkun á veittu gjaldeyrisforðaláni til Seðlabankans eftir að ríkissjóður keypti upp samsvarandi skuldir vegna lána á gjalddaga 2011. Avens B.V. í Lúxemborg var stærsti einstaki eigandi krónueigna utan Íslands og eru kaupin gerð í því skyni að draga úr áhættu vegna erlendra krónueigna. Ríkissjóður hefur jafnframt gengið frá samningi um sölu meirihluta þessara eigna til lífeyrisjóða gegn greiðslu í evrum að jafnvirði 88 ma.kr.

Afborganir af lánum ríkissjóðs námu 136,3 ma.kr. Um 72,8 ma.kr. eru vegna innlendra skulda, aðallega vegna innlausnar ríkisbréfa á gjalddaga í mars sl. Um 63,5 ma.kr. eru vegna uppkaupa ríkissjóðs á skuldabréfum í evrum sem eru á gjalddaga 2011 og 2012. Heildarlánsfjárförf ríkissjóðs nam því 233,4 ma.kr.

Lántökur námu 267,9 ma.kr. Innlendar lántökur námu 137,1 ma.kr. þar sem seld voru óverðtryggð ríkisbréf fyrir 110,3 ma.kr. og verðtryggð ríkisbréf fyrir 35 ma.kr. Stofn ríkisvixla lækkaði um 8,2 ma.kr. Erlendar lántökur námu 130,8 ma.kr. þar sem um 75,4 ma.kr. voru frá samstarfsþjóðum sem hluti af áætlun stjórnvalda, í samstarfi við AGS, um að koma á jafnvægi í efnahagsmálum. Einnig gaf ríkissjóður út skuldabréf í evrum, að jafnvirði um 64 ma.kr., í tengslum við áðurnefnd kaup ríkissjóðs á skuldabréfum Avens B.V. Handbært fé ríkissjóðs í Seðlabanka jókst um 34,5 ma.kr.